

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 1. mars 2007

Efni: Tillaga til þingsályktunar um afnám stimpilgjalda (50. mál)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda þingsályktunartillögu sem leggur það til að stimpilgjöld verði afnumin í áföngum á fjórum árum.

Viðskiptaráð Íslands fagnar þessari tillögu og styður hana heilshugar. Ráðið hefur margoft haldið því fram með rökum að skattkerfið þjóni best tekjuöflunarhlutverki sínu ef skattar eru fáir, lágir og flatir. Sértækir skattar eins og stimpilgjöld skilar litlu í hlutfalli við þann tilkostnað sem þeim fylgja. Þá hamlar gjöldin því að það borgi sig fyrir fasteignaeigendur að endurfjármagna íbúðlánin sín og ná með því fram lægri greiðslubyrði. Ráðið sér hinsvegar enga þörf á því að gera þetta í áföngum enda er hér um tiltölulega lítið hlutfall af tekjum ríkisins og auðvelt er að skera niður í rekstri ríkisins á móti.

Viðskiptaráð leggur til að tillagan nái fram að ganga.

Virðingarfyllst,



Davíð Þorláksson
Lögfræðingur Viðskiptaráðs